

SAMÞYKKT um sorphreinsun á Kópaskeri.

I. KAFLI

Inngangur.

1. gr.

Presthólahreppur annast eða býður út alla sorphreinsun innan marka kaupsins samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphreinsunin fram undir yfirstjórn sveitarstjórnar.

II. KAFLI

Hreinsun á sorpi frá íbúðarhúsnæði.

2. gr.

Sérhver íbúðareigandi (eða leigjandi), á Kópaskeri, er skyldugur að nota þær aðferðir og ílát við sorpgeymslu og hreinsun sem sveitarstjórn ákveður.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og húseigendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun. Húseigendur skulu kosta kaup sorpgeymsluhlátanna sinna, og viðhald þeirra.

3. gr.

Sorpið sem er sett í sorpílátin, má vera allt venjulegt heimilissorp. Ekki má setja í sorppoka mold, mól, grjótt, byggingarsorp, gras og þ. h. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum sem hætta er á að skeri eða rífi pokana skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt. Pokar mega ekki vera þyngri en svo að auðvelt sé að meðhöndla þá og ekki sé hætta á að þeir rifni. Gæta skal þess að fylla sorppoka ekki meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

4. gr.

Sorphreinsun fer að jafnaði fram einu sinni í viku. Um stórhátíðar skal framkvæma aukahreinsun, eftir því sem við verður komið og þörf kann að vera á. Presthólahreppur leggur til einn sorppoka fyrir hvert sorpílát vikulega, enda greiði notandi sorphreinsunargjald skv. 7. gr. Aukapoka má fá keypta í verslun eða hjá sorphreinsunarmönnum.

5. gr.

Allt það sorp, sem eigi verður látið í poka eða sem hirða þarf örar en samþykkt þessi gerir ráð fyrir, skulu hlutadeigendur annast sjálfir á eigin kostnað, sé ekki um annað samið.

III. KAFLI

Hreinsun á sorpi frá verslunar- og iðnfyrirtækjum.

6. gr.

Verslunar- og iðnfyrirtækjum og þeim aðilum öðrum, sem hafa með höndum starfsemi sem krefst tíðari og viðameiri sorphreinsunar en um getur hér að framan, ber sjálfum að annast og kosta þá sorphirðu. Allan flutning á vegum einstaklinga og fyrirtækja á sorphauga Presthólahrepps skal framkvæmda eftir ströngustu fyrirmælum starfsmanna hreppsins og þrífnaður í hávegum hafður.

IV. KAFLI

Sorphreinsigjald, kvartanir og brot gegn samþykkt þessari.

7. gr.

Almenn sorphirða venjulegs húsasorps greiðist af sveitarjóði, þó skal sveitarstjórn heimilt að leggja á sérstakt sorphreinsigjald í gjaldskrá, sem heilbrigðisráðherra staðfestir. Slíkt gjald skal þó aldrei vera hærra en sannanlegur kostnaður við sorphirðu.

8. gr.

Hafi húseigandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðunnar skal hann koma slíkri kvörtun til hreppsnefndar Presthólahrepps eða heilbrigðisfulltrúa.

9. gr.

Brjótí húseigandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu sorps skulu sorphirðumenn tilkynna það sveitarstjórn eða heilbrigðisfulltrúa, sem gangast í því að húseigandi bæti ráð sitt. Bæti húseigandi ekki úr innan ákveðins tíma eru sorphirðumenn ekki skyldugir til að taka sorp hjá viðkomandi fyrr en úr hefur verið bætt. Sorphreinsunarmönnum skal óheimilt að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim.

10. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

V. KAFLI

Gildistaka.

11. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Presthólahrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi við birtingu hlutaðeigandi til eftirbreytni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. september 1985.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.